



Félagsráðgjöf í fjölmiðlum

Frá 2007 til júlí 2010

Sigurjón Árnason

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félagsráðgjöf í fjölmiðlum
Frá 2007 til júlí 2010

Sigurjón Árnason
160676-5079

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson
Leiðbeinandi: Valgerður Halldórsdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Sigurjón Árnason 2011

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknarritgerðar er að varpa ljósi á umræðu um félagsráðgjöf og eftir félagsráðgjafa í dagblöðum á tímabilinu 2007 til júlí 2010. Áhersluþættir rannsóknarinnar voru að skoða hvort munur væri á skrifum um félagsráðgjöf og eftir félagsráðgjafa í dagblöðum, hvort umfjöllunin væri jákvæð eða neikvæð og að hve miklu leiti félagsráðgjafar væru að sinna talsmannshlutverki sínu sem kveðið er á um í 16. grein siðareglna félagsráðgjafa. Notast var við fyrirbyggjandi gögn sem safnað var saman af Fjölmíðlavaktinni fyrir Félagsráðgjafafélag Íslands. Gögnin innihéldu allar blaðagreinar sem birtust á umræddu tímabili sem höfðu að geyma leitar-/lykilorðið félagsráðgjöf. Fjallað er um siðareglur félagsráðgjafa almennt og sérstaklega um talsmannshlutverkið. Einnig eru sambærilegar erlendar rannsóknir reifaðar. Helstu niðurstöður eru að ekki virðist teljandi munur er á skrifum um eða eftir félagsráðgjafa sem birtust á umræddu tímabili í dagblöðum á Íslandi. Umfjöllunin um skiptist í tvo megin flokka. Annars vegar jákvæða umfjöllun en það var meirihluti umfjöllunar eða 50% sem hafnaði í þeim flokki. Hins vegar er það hlutlaus umfjöllun sem var 43% allra umfjallana. Einungis 7% umræðunnar taldist neikvæð. Rannsóknin leiddi í ljós að einungis 7% félagsráðgjafa hafa tekið þátt í umræðunni hvort sem er með aðsendum greinum eða viðtölum í þeim dagblöðum er voru í úrtaki rannsóknar.

Þakkarorð

Ég vil byrja á að þakka eiginkonu minni, Sigrúnu Eygló Fuller, fyrir ómælda þolinmæði og aðstoð við ritun þessarar ritgerðar, án hennar hefði ekkert af þessu gengið upp. Börnin mín þrjú, Lilja, Árný og Ísak eiga svo miklar þakkir skildar fyrir að hafa sýnt þabba sínum mikinn skilning og ást þegar mest á þurfti við verk þetta. Móðir mín Ragnhildur Guðmundsdóttir á mína ómældu ást og virðingu skilið fyrir allt sem hún hefur gert fyrir mig í gegnum árin. Leiðbeinandi minn, Valgerður Halldórsdóttir, á einnig mínar dýpstu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð og þolinmæði, sem og umsjónarmaður minn Halldór Sigurður Guðmundsson. Ritgerð þessa vil ég svo tileinka föður mínum heitnum, Árna Sigurjónssyni sem með ótrúlegum baráttuvilja, þrautseigju og lífsgleði á sínum síðustu stundum sýndi mér fram á að þetta vesen sem við köllum líf væri þess virði að berjast fyrir.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Töfluskra.....	4
Myndaskra.....	4
Inngangur	5
1. Saga félagsráðgjafar	6
1.1 Þróunin á Íslandi.....	7
1.2 Félagsráðgjafar á Íslandi.....	9
2. Siðareglur	10
2.1 Siðareglur félagsráðgjafa.....	11
3. Erlendar rannsóknir.....	14
4. Aðferðafræði	17
4.1 Mælitæki og rannsóknarsnið	18
4.2 Styrkleikar og Takmarkanir.....	19
5. Niðurstöður	21
5.1 Grunnupplýsingar	21
5.2 Tegundir umfjöllunar.....	23
5.3 Jákvæð, neikvæð eða hlutlaus umfjöllun.....	24
5.4 Um hvað skrifa félagsráðgjafar helst ?.....	25
5.5 Hvað er verið að skrifa um félagsráðgjafa ?.....	27
6. Umræður	30
6.1 Umfjöllun eftir félagsráðgjafa	30
6.2 Umfjöllun um félagsráðgjöf.....	30
6.3 Félagsráðgjafinn og talsmannshlutverkið	31
6.4 Hlutur fjölmiðla	32
6.5 Svör við rannsóknarspurningum	32
6.6 Lokaorð og ábendingar.....	35
Heimildaskra.....	37
Viðauki.....	40
Blað um Greiningu umfjöllunar um og eftir félagsráðgjafa í prentmiðlum	40

Töfluskrá

<i>Tafla 1. Fjöldi félagsráðgjafa með starfsleyfi og hlutfallsleg skipting eftir kyni</i>	<i>9</i>
<i>Tafla 2. Heildarfjöldi umfjallana eftir árum ásamt hlutfalli af heildarfjölda</i>	<i>21</i>
<i>Tafla 3. Skipting umfjöllunar eftir fjölmiðlum frá janúar 2007 - júlí 2010.....</i>	<i>22</i>
<i>Tafla 4. Tegund umfjöllunar janúar 2007 - júlí 2010</i>	<i>23</i>
<i>Tafla 5. Fjöldi og hlutfall eftir flokkuðum greinum.....</i>	<i>24</i>
<i>Tafla 6. Birtingar staður umfjöllunar eftir hlutfalli í hverjum flokki greina.....</i>	<i>24</i>
<i>Tafla 7. Viðfangsefni skrifa eftir félagsráðgjafa</i>	<i>25</i>

Myndaskrá

<i>Mynd 1. Dreifing umfjöllunar yfir tímabilið</i>	<i>22</i>
<i>Mynd 2. Hlutfall flokkaðra greina eftir fjölmiðlum.....</i>	<i>23</i>

Inngangur

Markmið rannsóknar þessarar er að varpa ljósi á umræðu um félagsráðgjöf og umræðu eftir félagsráðgjafa í dagblöðum á tímabilinu 2007 til júlí 2010. Fjölmiðlarnir sem teknir voru fyrir eru DV, Fréttablaðið, Morgunblaðið, 24stundir, Blaðið og Viðskiptablaðið. Mikilvægt er fyrir félagsráðgjöf sem fagstétt að sjá hvar hún stendur í þeirri umræðu sem fer fram í fjölmiðlum landsins. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi talsmannshlutverks félagsráðgjafa eins og kveðið er á um í siðareglum félagsráðgjafa. Þó að slíkar rannsóknir hafi verið gerðar í öðrum löndum eins og Bretlandi, þá hefur ekki áður verið gerð slík rannsókn hér á landi. Með rannsókn þessari skapast því grundvöllur til að sjá hvernig félagsráðgjafar og félagsráðgjöf standa í dagblöðum á Íslandi og geta niðurstöðurnar nýst við að sjá hvort og þá hvernig þurfi að bregðast við. Gögnin í þessa rannsókn voru tekin saman af Fjölmiðlavaktinni fyrir Félagsráðgjafafélag Íslands og eru sótt í þau dagblöð er gefin voru út á árbilinu 2007 – 2010 og var stuðist við alla umfjöllun er birtist þar um og eftir félagsráðgjafa. Umrætt tímabil varð fyrir valinu til að hægt væri að sjá muninn á umfjölluninni fyrir bankahrunið og svo eftir bankahrunið.

Haustið 2009 skrifaði ég heimildaritgerð um ímynd starfsstétta með sérstakri áherslu á félagsráðgjöf og hvernig fjölmiðlaumfjöllun væri að snerta fagið og ímynd þess. Sú ritgerð kveikt áhugan á því að skoða hvernig félagsráðgjöf væri að koma út úr fjölmiðla umfjöllun og rannsókn þessi fæddist þar með.

Rannsóknarspurningar rannsóknar þessarar voru þrjár.

- Er umfjöllun um og eftir félagsráðgjafa neikvæð eða jákvæð í íslenskum fjölmiðlum ?
- Er munur á skrifum um félagsráðgjafa og skrifum eftir félagsráðgjafa ?
- Hversu vel má ætla að félagsráðgjafar sinni talsmannshlutverki sínu út frá 16. grein siðareglna félagsráðgjafa ?

Ritgerðin skiptist í sex kafla þar sem farið er yfir söguna, siðareglur og talsmannshlutverkið ásamt því að erlendar rannsóknir eru skoðaðar. Gert er grein fyrir Aðferðarfræðin og helstu niðurstöðum. Umræður, tillögur að úrbótum og lokaorð fylgja svo þar á eftir.

1. Saga félagsráðgjafar

Upphaf félagsráðgjafar má rekja til Englands og þeirrar fátæktar sem viðvarandi var á Viktoríu tímabilinu. Góðgerðar samtök ýmiss konar risu upp á þeim tíma er höfðu það markmið að aðstoða þá fátæku. Aðstoð þessi fólst í því að „gott fólk“ heimsótti þá fátæku og lagði mat á þá aðstoð sem þurfti (Woodroofe, 1974). Þær breytingar og hugmyndir sem hins vegar voru gerðar á starfinu í Bandaríkjunum varð grunnurinn að félagsráðgjöf eins og við þekkjum hana í dag. Einn áhrifa mesti frumkvöðullinn í Bandaríkjunum var Jane Addams (1860 – 1935). Addams átti auðuga foreldra sem gerðu henni kleift að ferðast um Evrópu. Það var á ferðum hennar í Englandi sem hún kynntist starfsemi *Charity Organisation Society* ,lauslega þýtt sem hverfamiðstöðvarhreyfingin en starfsemi þess hafði mikil áhrif á hana og varð til þess að hún ákvað að setja á fót verkefni hverfamiðstöðvar sem var í anda *Toynbee Hall* í Englandi. *Toynbee Hall* var fyrsta hverfamiðstöðvar verkefnið þar sem rík áhersla var lögð á að hinir efnaðri og þeir sem minna áttu lifðu og störfuðu hlið við hlið í samfélagi þar sem allir höfðu mikilvægu verkefni að sinna. Það varð úr að hún setti á fót *Hull House* árið 1889 sem er eitt þekktasta hverfamiðstöðvar verkefnið í Bandaríkjunum en þó ekki það eina. Addams lagði áherslu á það að kenna fólki að hjálpa sér sjálft. Hún leit þó fyrst og fremst á sig sem nemanda nágranna sinna. Hún taldi að ekki væri hægt að aðstoða þá bágstöddu nema setja sig í spor þeirra og búa á meðal þeirra. Það leiddi til þess að mörkin milli þeirra sem voru að veita aðstoð og þeirra sem voru að þiggja aðstoð urðu óskýr. Addams kom á fót fræðslu fyrir innflytjendur og setti á fót leikskóla fyrir börn þeirra svo þeir ættu auðveldara með að sækja vinnu. Addams lagði enn fremur mikla áherslu á mikilvægi samfélagsvinnu, gildi hópvinnunnar og að kenna með fordæmi í starfi sínu í *Hull House*. Auk þess höfðu áherslur hennar á siðfræði og lýðræði mikil áhrif á störf félagsráðgjafa og þróun félagsráðgjafar sem fagstétt (Farley, Smith, & Boyle, 2006). Þess má einnig geta að Addams varð fyrst kvenna til að hljóta Nóbelsverðlaun en hún hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1931 (Berson, 2004).

Annar áhrifa mikill frumkvöðull var Mary Ellen Richmond (1861 – 1928) Henni var mikið kappsmál að sjálfboðaliðarnir ynnu skipulega, gerðu mat á stöðunni, áætlun um hvaða leiðir væri um að ræða, framkvæmdu og mátu síðan

árangurinn. Richmond kallaði þessa vinnu „*Case Work*“ sem var lengi notað um starfið. Nafnið kom til vegna þess að félagsráðgjafi tók fyrir eitt og eitt mál í einu og það var leyst á sinn sérstaka hátt (Nanna K. Sigurðardóttir, 1991). Hugmyndir sínar birti hún í tímamótabók sinni *Social Diagnosis* sú bók markaði tímamót í sögu félagsráðgjafar, því í þeirri bók var í fyrsta skipti búið að taka saman þá þekkingu sem var til staðar í félagsráðgjöf og komið fram með heildstæðar kenningar um starfið og raunhæfar aðferðir við að vinna starfið settar fram. Með bók þessari festi Richmond sig í sessi sem ein af fremstu talsmönnum félagsráðgjafar. Bók þessi varð enn fremur til þess að hrekja skýrslu Abrahams Flexner um að félagsráðgjöf væri ekki starfsgrein vegna þess að kenningar og heildstæð þekking væri ekki til staðar um greinina (Agnew, 2004). *Social Diagnosis* markar því í raun upphaf félagsráðgjafar sem fræðigreinar. Báðar voru Addams og Richmond talsmenn sinna skjólstæðinga og félagsráðgjafar, enda þróaðist fagið í átt til þess sem við þekkjum í dag meðan þær voru við störf þó að þær hafi verið ósammála um margt í sínum störfum. Richmond taldi til dæmis mikilvægt að vinna með einstaklingnum og lagði áherslu á hjálp til sjálfshjálpar. Addams taldi hinsvegar mikilvægara að setja áhersluna á hópa- og samfélagsvinnu. Þær voru hins vegar sammála um nauðsyn þess að siðreglur yrðu að vera til staðar til að auka veg félagsráðgjafar og koma henni í hóp fræðigreina (Farley, Smith, & Boyle, 2006; Nanna K. Sigurðardóttir, 1991).

1.1 Þróunin á Íslandi

Á Íslandi má finna rætur félagsráðgjafar í sjálfboðastörfum. Sjálfboðastörfin hér á landi hófust undir lok 19. aldar sem var í takt við það sem var að gerast annarsstaðar í heiminum. Eitt merkilegasta starfið var unnið af Hvítabandinu en var stofnað árið 1895 af konum í Reykjavík. Hvítabandið var upphaflega bindindisfélag en fór fljótlega að færa sig yfir í líknarmál. Ólafía Jóhannsdóttir (1863 – 1924) var einn af stofnendum þess og í raun einn helsti frumkvöðull okkar Íslendinga þegar kemur að sögu félagsráðgjafar. Hugmyndina að Hvítabandinu sótti Ólafía erlendis og voru hugmyndirnar, sem byggt var á, þær sömu og einkenndu framlag frumkvöðla Bandaríkjanna í félagsráðgjöf í lok síðustu aldar (Sigrún Júlíusdóttir & Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Þó að Ólafía hafi unnið mikið frumkvöðlastarf

fyrir okkur Íslendinga þá varð það í Noregi sem stjarna hennar skein sem hæst. Þangað flutti hún 1903 og settist fljótlega að meðal fátækra og hóf mikið starf fyrir konur sem smitast höfðu af kynferðissjúkdómum. Árið 1915 veiktist svo Ólafía sem varð til þess að hún skrifað sitt helsta verk *De Ulykkeligste* eða *Aumastir allra*. Bókin lýsti á afar áhrifamikinn hátt lífi þeirra kvenna sem að bjuggu á jaðri samfélagsins á þeim tíma og voru þessar konur allar skjólstæðingar Ólafíu. Bókin hlaut mikið lof og varð Ólafía þjóðþekkt í Noregi fyrir vikið og gerðist vinsæll fyrirlesari (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, 2006). Ólafía var ötull talsmaður skjólstæðinga sinna og með bók sinni *Aumastir allra* og fleiri verkum var hún að miðla sinni þekkingu og aðstæðum skjólstæðinga sinna og þar með fyrirmyndar talsmaður. Þessi störf Ólafíu voru fyrstu vísarnir að félagsráðgjöf á Íslandi. Nokkuð varð um fleiri sjálfböðafélög í millitíðinni og unnu mörg þeirra störf í þágu samfélagsins. Dæmi um slíkt félag er kvenfélagið Hringurinn sem var stofnað árið 1904 og hefur unnið gott starf í þágu sjúkra barna síðan. Það voru síðan sjálfböðafélög líkt og Hjálpræðisherinn og Barnavinafélagið Sumargjöf sem stóðu fyrir byggingu fyrstu elliheimila og barnaheimila héraendis (Sigrún Júlíusdóttir & Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Fyrstu félagsráðgjafarnir héraendis komu ekki til sögunnar fyrr en upp úr 1960 og höfðu þá allir sótt sína menntun erlendis. Sá háttur var hafður á allt þar til kennsla í greininni hófst árið 1978 en aðeins með einu námskeiði þó. Fyrstu félagsráðgjafarnir voru svo útskrifaðir úr félagsvísindadeild árið 1982 (Félagsráðgjafadeild, e.d.). Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa var svo hinsvegar sett á laggirnar árið 1964. Það var svo vegna þrýstings frá stéttarfélaginu sem félagsráðgjafar á Íslandi fengu loks löggildingu með lögum um félagsráðgjöf nr. 41/1975. Það var hinsvegar með breytingum á þessum lögum árið 1990 þar sem breytt var í átt að markvissari faglegum kröfum og réttindum. „Breytingarnar sem náðust byggðust á sérstakri bókun við gerð kjarasamninga árið 1987. Ein mikilvægasta breytingin má segja að hafi náðst með ákvæðinu um sérfræðileyfi“ (Sigrún Júlíusdóttir, 1999). Í kjölfar þessara laga var skipuð sérfræðinefnd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. „sú nefnd setti sér það viðfangsefni að vinna samhliða að undirbúningi tillögugerðar um siðareglur og sérfræðiréttindi“ (Sigrún

Júlíusdóttir, 1999). Því starfi lauk meðal annars með fullgildingu siðareglna félagsráðgjafa 1998. (Sigrún Júlíusdóttir, 1999)

1.2 Félagsráðgjafar á Íslandi

Á Íslandi komu fyrstu félagsráðgjafarnir til starfa í kringum 1960 og voru störf þeirra fyrst um sinn nánast eingöngu tengd skipulagi, framfærslu og félagsmálum (Félagsráðgjafafélag Íslands, - d, e.d). Félagsráðgjafar starfa í dag á breiðum starfsgrundvelli í þjóðfélaginu, þá er meðal annars að finna hjá félagasamtökum eins og til dæmis Samtökunum 78 og Öryrkjabandalaginu, þá er einnig að finna á spítölum, skólum, félagsþjónustum, fangelsum og fleiri stöðum. Í dag eru 549 einstaklingar með starfsleyfi í félagsráðgjöf samkvæmt heimasíðu Félagsráðgjafafélags Íslands (Félagsráðgjafafélag Íslands - a, 2010). Starfsleyfið er útgefið af landlæknisembættinu í samræmi við lög nr.95/1990 (Heilbrigðisráðuneytið, e.d.). Sveita félög landsins eru langstærsti atvinnuveitandi félagsráðgjafa með 128 félagsráðgjafa í starfi þar af eru 101 sem starfa hjá Reykjavíkurborg, sem gerir hana að stærsta einstaka atvinnuveitanda félagsráðgjafa á landinu. Ríkið kemur svo fast á hæla Reykjavíkurborgar með 97 félagsráðgjafa innan sinna vébanda (Félagsráðgjafafélag Íslands - c, 2010). Þegar við skoðum þessa 549 einstaklinga nánar með tilliti til kyns kemur í ljós að konur eru í meirihluta eins og sjá má á töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi félagsráðgjafa með starfsleyfi og hlutfallsleg skipting eftir kyni

	Fjöldi	Hlutfall
Konur	505	92%
Karlar	44	8%
Samtals	549	100%

Aðeins 8% löggildra félagsráðgjafa eru karlmenn og 92% konur. Það staðsetur félagsráðgjöf sem dæmigerða kvennastétt.

2. Siðareglur

Hægt er að leita langt aftur í söguna til að finna dæmi um siðareglur og nægir í því samhengi að nefna hér til dæmis siðareglur lækna sem má rekja aftur í fornöld til Hippókratesar sem talin er vera faðir læknisfræðinnar (Þórarinn Guðnason, 1991). En hvað eru siðareglur? Samkvæmt Richard Hugman þá eru siðareglur, leiðbeinandi reglur varðandi viðurkennda hegðun fyrir meðlimi ákveðinna hópa, samtaka eða fagstétta (Hugman, 2005).

Þó að skráðar og óskráðar siðareglur megi rekja langt aftur í aldir þá hefur tilurð þeirra sjaldan verið jafn mikilvæg og nú á dögum. Með auknum aðgangi að tækni og upplýsingum er almenningur mun meðvitaðri um það sem er að gerast í kringum sig. Með aukinni hnattvæðingu og því sem henni fylgir eru siðferðileg vandamál farin að koma fram fyrir augu almennings í auknum mæli, sem kallar á aukna þörf fyrir siðareglur þar sem að brjóstvitið eitt og sér nægir ekki til í þeim hraða heimi er við lifum í nú á dögum. „Skráðar siðareglur geta því gegnt mikilvægu hlutverki við að uppgötva og leiða í ljós hvernig almenn siðferðisgildi eiga við í einstökum starfsaðstæðum“ (Sigurður Kristinsson, 1991). Með skráðum siðareglum er almenningi gefin kostur á að kynnast því hvernig viðkomandi starfsstétt hefur skuldbundið sig til að sinna starfi sínu og getur því metið betur hvernig starfsmenn eru að standa sig. Önnur ástæða fyrir því að vera með skráðar siðareglur er að þannig skapast viðurkenndur vettvangur til að leysa á skynsamlegan hátt þau ágreiningsmál er upp geta komið (Sigurður Kristinsson, 1991). „Ólíkir starfshópar eru komnir mislangt í þróun fagmennsku m.t.t. að skilgreina staðla og setja reglur varðandi vinnubrögð. Flestir starfsfaghópar sem kenna sig við fagmennsku hafa mótað siðareglur sem hafðar eru til viðmiðunar.“ (Nanna K. Sigurðardóttir, 1991)

Skráðar siðareglur kalla á að sett sé á fót siðanefnd sem fjallar um þessi ágreiningsmál. Slík siðanefnd er einmitt starfrækt innan Félagsráðgjafafélags Íslands. Gera verður þó greinarmun á siðareglum og lagareglum. Siðareglur eru fyrst og fremst leiðbeinandi reglur sem eru settar af ýmsum fagstéttum og félagasamtökum líkt Félagsráðgjafafélagi Íslands. Siðareglur hafa ekki hlutverk lagaboða líkt og lagareglur hafa með ýmsum viðurlögum en þær eru settar af

Alþingi Íslendinga. Siðareglur eru þó oft samræmdar ákveðnum lögum sem viðkomandi fagstétt eða félagasamtök starfa eftir.

2.1 Siðareglur félagsráðgjafa

Siðareglur félagsráðgjafa eiga allir félagsráðgjafar sameiginlegt og allir vinna eftir, sama hver vinnustaður þeirra er. Siðareglur félagsráðgjafa eru í samræmi við lög um félagsráðgjöf nr.95/1990. Það má glögg sjá ef við skoðum 7. grein laganna en þar stendur „Félagsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða félagsráðgjöf” (Alþingi, 1990). Grein 10 í siðareglum félagsráðgjafa er í samræmi við þetta og það sama á við um þagnarskylduna sem er tíunduð bæði í lögum og í siðareglunum. Líkt og siðareglur annarra starfsstétta, til dæmis lækna eða sálfræðinga, þá taka siðareglur félagsráðgjafa á flestu sem viðkemur starfi félagsráðgjafans og tíundar það sem er mikilvægt fyrir félagsráðgjafann að hafa í heiðri í starfi sínu. Siðareglur félagsráðgjafa eru „byggðar upp með klassískum hætti af fjórum köflum sem innihalda þá meginþætti sem almennt er talið að þurfi að vera til staðar í skráðum siðareglum fagstétta” (Félagsráðgjafafélag Íslands, - d, e.d), þeir eru frumskyldur, ábyrgðar- og hæfnisskyldur, félagslegar skyldur og bróður/systurlegar skyldur. Frumskyldurnar taka fyrst og fremst á því hvernig fagleg og almenn framkoma félagsráðgjafans á að vera, og hvaða skyldum hann hefur að gegna gagnvart skjólstæðingi sínum. Ábyrgðar- og hæfnisskyldur fjalla um hvernig félagsráðgjafanum ber að vera faglegur í starfi sínu. Félagslegar skyldur taka á hvernig félagsráðgjafanum beri að varpa ljósi á starfsgreinina og koma faglegum sjónarmiðum okkar á framfæri. Bróður/systurlegar fjalla um hvernig félagsráðgjafanum beri að haga sér gagnvart starfstéttinni í heild sinni sem og öðrum starfsstéttum (Félagsráðgjafafélag Íslands - b, 2008).

2.2 Talsmannshlutverkið

Talsmannshlutverki félagsráðgjafa eru gerð góð skil í siðareglunum og er það hlutverk sem er í sviðsljósinu í þessari rannsókn. En hvað er að vera talsmaður? Samkvæmt Goodman þá er talsmaður einhver sem er kosinn eða hefur það starf að tala fyrir hönd annara (Goodman, 1998).

Af hverju ættu félagsráðgjafar að vera talsmenn og sinna talsmannshlutverkinu? Sigrún Júlíusdóttir komst ágætlega að orði þegar að hún var að fjalla um rök fyrir fræðimennsku og rannsóknum í félagsráðgjöf sem eiga einnig vel við þörfina fyrir talsmannshlutverkinu, „Að mínu álitni snýst þetta í fyrsta lagi um hagsmuni skjólstæðinganna og samfélagsins, í öðru lagi um hagsmuni félagsráðgjafans sem einstaklings og fagmanns og í þriðja lagi hagsmuni greinarinnar sjálfrar sem ég tel að haldist í hendur við hin atriðin.“ (Sigrún Júlíusdóttir, 1991).

Það er mikilvægt hverri starfsgrein að miðla þekkingu sinni og skoðunum til samfélagsins í heild sinni til þess að efla og betrum bæta samfélagið, starfsgreinina sem og hag skjólstæðinganna. Félagsráðgjafar eru þar engin undantekning. Þessu er lýst í 14. og 16. grein siðareglna félagsráðgjafa en þar stendur í 14. gr. „Félagsráðgjafi kynnir menntun sína og störf með tilhlýðilegum hætti. Félagsráðgjafi skýrir frá því þegar hann kemur fram opinberlega hvort hann kemur fram fyrir eigin hönd sem einstaklingur, sem fagmanneskja, fyrir hönd fagfélags síns eða þá stofnun sem hann starfar við.“ (Félagsráðgjafafélag Íslands - b, 2008). 16. gr er svo hljóðandi „Félagsráðgjafi miðlar þekkingu sinni sem víðast, til annarra félagsráðgjafa, félagsráðgjafanema, annarra fagmanna og alls almennings.“ (Félagsráðgjafafélag Íslands - b, 2008). Siðareglurnar taka þarna ágætlega á hverjar þessar talsmannsskyldur eiga að vera og samræmist það hugmyndum Goodman um talsmannshlutverkið. Þær taka þó ekkert á því hvernig félagsráðgjafinn eigi svo að inna þær af hendi.

En hvernig sinnir maður svo þessu talsmannshlutverki svo vel sé ? Til þess eru margar leiðir sem hægt er að nýta eins og til dæmis að taka virkan þátt í ráðstefnum og fyrirlestrum ýmiskonar. Ljósvakamiðlar eins og til dæmis útvarp og sjónvarp eru fyrirtaks leið til að láta rödd félagsráðgjafans heyrast fyrir fagstéttina og skjólstæðinginn. Þó rík þagnarskylda gagnvart hinum ýmsu málum sé ríkjandi hjá félagsráðgjöfum þá má það ekki hræða þá í að tjá sig opinberlega almennt um hagi hinna ýmsu þjóðfélagshópa en það er vel hægt án þess þó að fara að tefla þagnarskyldunni í hættu.

Netmiðlar hafa einnig verið að koma inn í auknum mæli og má nota þá með áhrifaríkum hætti til að koma skoðunum og skilaboðum á framfæri til mikils fjölda

fólks á skömmum tíma á gífurlega markvissan hátt. Ein algengasta leiðin hingað til hefur verið að nota prentmiðla til að sinna þessu hlutverki. Þeir hafa verið helsta leið okkar félagsráðgjafa í árunna rás til að koma rödd okkar á framfæri hvort sem notast hefur verið við dagblaðsútgáfur, bækur eða eitthvað annað form. Fjölmiðla umfjöllun er mikilvægur áhrifavaldur á skoðanir almennings varðandi þjóðmál líðandi stundar. Það er því nauðsynlegt að þekkja til hlutverks fjölmiðla en það er almennt talið vera að upplýsa, fræða, mennta og skemmta (Páll Sigurðsson, 1997). Það gefur því augaleið að nýting fjölmiðla í hvaða formi sem þeir kunna að vera er okkar öflugasta leið til að sinna okkar talsmannshlutverki.

Félagsráðgjafinn er tilvalin talsmaður fyrir almenning og samfélagið í heild sinni sem og fyrir stétt sína. Það að virkja félagsráðgjafa til að sinna þessu hlutverki í ríkara mæli er því mikilvægt, eða eins og Sigrún Júlíusdóttir kemst að orði „Ég veit a.m.k. ekki um aðra stétt sem er í jafnbeinum tengslum við einstaklinga, úrræði eða úrræðaleysi þeirra og samfélagsins og er þannig hvort tveggja í senn fulltrúar skjólstæðinga og kerfis. Því má segja að þeir sem búa yfir þessari einstæðu þekkingu hljóti að vera færastir um að skilgreina hana og miðla henni áfram til þess að hún geti haft áhrif“ (Sigrún Júlíusdóttir, 1991).

3. Erlendar rannsóknir

Flestir geta talið upp frægar leikara úr kvikmyndum sem hafa til dæmis verið blaðamenn (Clint Eastwood í True Crime), kennarar (Edward James Olmos í Stand and Deliver) eða lögfræðingar (Andy Griffith í Matlock). Allar þessar persónur eiga það sameiginlegt að hafa verið einstaklega færar á sínu sviði og hafa breytt lífi þeirra sem þeir koma að í viðkomandi myndum eða þáttum á gríðarlega jákvæðan og mikilvægan hátt. Ef við skoðum hinsvegar hvernig umfjöllun félagsráðgjafar hafa verið að fá í sambærilegum fjölmiðlum og ofantaldar starfsstéttir, þá er félagsráðgjafinn yfirleitt sýndur sem illa menntaður og hefur fengið starfið fyrir slysi eða hreinlega verið dæmdur til að sinna því í stað þess að fara í fangelsi (Gibelman, 2004). Sögulega séð þá hafa félagsráðgjafar frekar látið það í hendur fjölmiðlanna að fjalla um stéttina í stað þess að taka frumkvæðið sjálfir. Það hefur vafalaust ýtt undir þá staðreynd að lítið hefur verið um jákvæða fjölmiðla athygli á félagsráðgjöf í gegnum tíðina sem útskýrir hvers vegna félagsráðgjafar eru ekki jafn þekkt starfstétt og raun ber vitni meðal almennings (Brawley, 1995). Það er einmitt þetta kæruleysi sem hefur orðið til þess að félagsráðgjafar eru jafn lítt þekktir og raun ber vitni um heim allan þrátt fyrir þeirra mikilvæga hlutverk í þjóðfélaginu. En í raun eru það ekki bara fjölmiðlarnir sem hafa verið að skapa frekar neikvæða mynd af félagsráðgjöfum heldur hefur það jafnvel verið þannig í gegnum söguna. „Enda er það þannig að félagsráðgjafar hafa verið með áhyggjur af ímynd sinni alveg síðan að þetta varð viðurkennd starfsgrein“ (Lubove, 1965). Ástæður fyrir því eru ef til vill þær að félagsráðgjafinn hefur verið nokkurs konar talsmaður þeirra sem minna mega sín og eru undir í þjóðfélaginu. Það er ef til vill þessi staðreynd sem hefur gefið okkur þá almennings ímynd sem félagsráðgjafinn hefur í dag, eða er það svo einfalt?

Árið 2004 birtu Craig LeCroy og Erika Stinson rannsókn í tímaritinu *Social Work* sem hafði verið unnin til að athuga hvernig almenningur í Bandaríkjunum sá starf félagsráðgjafans fyrir sér. Úrtakið var 386 einstaklingar sem voru fengnir úr símaskrá. Þegar svarendur voru spurðir að því hversu mikilvægir félagsráðgjafar væru fyrir samfélagið þá komu þeir vel út miðað við aðrar heilbrigðisstéttir þeir

komu rétt á eftir hjúkrum og prestum. Þó kom á óvart að félagsráðgjöf var á undan geðlæknum og sálfræðingum. Einnig töldu svarendur að félagsráðgjafar væru vél til þess fallinir að taka á vanrækslu barna, vandamálum heimilisláusra og á heimilisofbeldi. Félagsráðgjafar voru hinsvegar ekki taldir henta til að taka á vandamálum varðandi fullorðins alkóhólisma, andleg veikindi, hjúskaparörðugleika og kynferðislega misnotkun samkvæmt rannsókninni. Þrátt fyrir þessa ágætis niðurstöðu um stöðu félagsráðgjafa í heilbrigðisstéttum þá töldu svarendur að frami í félagsráðgjöf væri ekki hentugt starf fyrir börnin sín. Samt töldu um 85% svarenda að félagsráðgjafar sinntu mikilvægu starfi í samfélaginu (LeCroy & Stinson, 2004). Önnur slík rannsókn var gerð í Skotlandi árið 2005 en í henni voru þátttakendur meðal annars beðnir um að svara hversu vissir þeir væru um að ákveðnar starfsstéttir tækju rétta ákvörðun í mikilvægu máli er snerti starfssvið þeirra. Þeir sem komu best út voru lækningar, dómarmar og kennarar. 42% þátttakenda voru viss um að félagsráðgjafar tækju rétta ákvörðun sem var það næstlægsta en eina starfsstéttin fyrir neðan þá voru bankastjórar. Fram kom í rannsókninni að stöðugar slæmar fréttir af félagsráðgjöfum í störfum sínum væri stórt vandamál (Davidson & King, 2005). Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Reid og Misener frá árinu 2001 en þar kom fram að mikill munur er á umfjöllun um félagsráðgjöf í fjölmiðlum þegar Bandaríkin og Stóra Bretland eru borin saman. Meðan að umfjöllun í Bandaríkjunum er frekar jákvæð þá er umfjöllunin í Stóra Bretlandi frekar neikvæð en Reid og Misener vilja meina að það sé vegna endurtekinna stórra mála þar sem að einblínt hefur verið á að fjalla neikvætt um félagsráðgjöf. Það kom hinsvegar í ljós í þessari rannsókn að heilbrigðismál hlutu hvað jákvæðustu umfjöllunina í báðum þessum löndum (Reid & Misener, 2001). Innihaldsgreiningar á umfjöllun um félagsráðgjöf í fjölmiðlum hafa þó enn fremur sýnt að málefni barna fái hvað mesta umfjöllun. Rannsókn sem Franklin og Parton gerðu á 12 mánaða tímabili milli 1997 og 1998 sýndi að 67% umfjöllunar yfir þetta tímabil snerist um málefni barna og þá helst barnaverndarmál ýmiss konar í flestu tilfellum var umfjöllunin neikvæð og krítísk. Aðrar greinar félagsráðgjafar eins og svo sem öldrunarfræði og málefni geðfatlaðra fengu litla sem enga umfjöllun. (Franklin & Parton, 2001). Þessi neikvæða umfjöllun sem hefur verið í Stóra Bretlandi hefur haft sýnar afleiðingar fyrir

félagsráðgjafa þar í landi en í rannsókn sem Neate gerði árið 2000 sýndi að sífelld neikvæð umfjöllun leiddi til verri mórals á vinnustað einnig varð vart við aukningu í fjarverju starfsfólks og fleiri vandamál urðu við starfsmannaveltu og að laða að nýtt fólk í starfið. Rannsókn sýndi að 4 af hverjum 10 félagsráðgjöfum höfðu hugsað um að hætta í starfi sínu og jafnvel yfirgefa fagið algjörlega í kjölfar neikvæðrar umfjöllunar (Neate, 2000). Þessar rannsóknir sýna glögg fram á hversu mikilvægu hlutverki fjölmiðlar gegna fyrir fagið í heild sinni.

4. Aðferðafræði

Þegar gera á rannsókn er hægt að velja á milli tveggja mismunandi rannsóknarleiða. Annars vegar eigindleg rannsóknaraðferð og svo hins vegar meginleg rannsóknaraðferð. Það sem einkennir fyrst og fremst eigindlegar rannsóknaraðferðir er að úrtakið er yfirleitt frekar lítið. Gögnin sem unnið er með eru oft í formi texta, orða, myndefnis og upplifana. Upplýsingarnar sem koma fram með þessari aðferð eru yfirleitt miklar. Markmið eigindlegrar rannsóknaraðferðar er í raun að finna eitthvað nýtt. Rannsóknirnar eru þar að leiðandi yfirleitt leitandi, þar er aðleiðslan notuð til að þróa og búa til kenningar upp úr gögnum. (Esterberg, 2002). Segja má að rannsóknarferlið í eigindlegum aðferðum sé með eftirfarandi hætti, byrjað er á því að velja aðferð og mælingar eru búnar til. Þegar því er lokið eru þátttakendur valdir, svo er gögnum safnað saman og þau greind. Algengt er þó að ferlið sé ekki alveg klippt og skorið því að oft er verið að fara fram og til baka í þessum fyrstu 3 stigum og verið að gera smávægilegar breytingar. Þegar að öllu þessu er svo lokið eru hugtök skilgreind og þau tengd við kenningu (Silverman, 2005).

Meginlegar aðferðir hafa yfirleitt frekar stórt úrtak og gögnin þar eru fyrst og fremst tölur. Upplýsingamagnið í meginlegum aðferðum getur verið mismikið og markmið þeirra eru að prófa kenningar og finna orsakasamhengi enda styðjast meginlegar aðferðir við afleiðslu en það lýsir sér í því að farið er frá kenningu til gagna. Rannsóknarferlið þar er í fastari skorðum en í eigindlegum aðferðum. Byrjað er á því að skilgreina og hugtakabinda. Aðgerðarbinding kemur því næst en með því er átt við að aðferðir eru ákveðnar og mælingar búnar til. Þetta eru yfirleitt lokaðar spurningar með fyrirfram gefnum svarmöguleikum. Síðan er úrtak valið og gögnum er safnað saman. Loks eru svo gögnin greind (Johnson, 2008). Hin síðustu árin hefur verið algengara að meginlegar aðferðir hafi verið notaðar og þá einkum spurningalistakannanir og notkun lýðtalna. Eigindlegar aðferðir eins og viðtalsrannsóknir og þátttökuathuganir eru þó talsvert notaðar einkum í rannsóknum á jaðar- og minnihlutahópum (Jón Gunnar Bernburg, 2005).

4.1 Mælitæki og rannsóknarsnið

Rannsóknin er unnin með eiginlegum hætti. En niðurstöður eru birtar með meginlegum hætti í formi tölulegra upplýsinga. Rannsóknin er því unnin með blandaðri aðferð. Markmið rannsóknarinnar er að fá sýn á hvernig félagsráðgjafar uppfylla og sinna talsmannshlutverkinu. Gögnin voru fengin hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands og samanstóðu af umfjöllunum dagblaða frá árunum 2007 til 2010. Gögnin hafði Fjölmiðlavaktin tekið saman að beiðni Félagsráðgjafafélagi Íslands út frá lykilorðinu félagsráðgjöf. Gögnin höfðu að geyma 329 dagblaðs umfjallanir er höfðu að geyma ofangreint leitarorð. Það þýðir jafnframt að gögnin höfðu verið þemagreind þegar að þau bárust til höfundar eftir ofangreindu lykilorði.

Þetta tímabil varð fyrir valinu vegna þess umróts sem varð í samfélaginu með bankahruninu. Með því skapast einnig tækifæri til að sjá muninn á umræðunni fyrir kreppu og eftir að hún er skollin á með fullum þunga. Úrtak mitt í þessari rannsókn voru prentmiðlar. Ekki var notast við annað form fjölmiðla. Blöðin í úrtakinu voru Morgunblaðið, Fréttablaðið, DV, 24stundir, Blaðið og Viðskiptablaðið. Eingöngu var notast við prentaða útgáfu þessara miðla en ekki það sem birtist í internet útgáfum þeirra. Ekki var heldur notast við nein tímarit svo sem Vikuna, Nýtt Líf eða Séð og Heyrt. Notast var við sérstakt skráningarblað til að greina umfjöllunina og var það unnið af höfund. Skráningarblaðið var svo lesið yfir í samræmi við leiðbeinanda og var það lagfært í framhaldinu samkvæmt hennar leiðbeiningum.

Hver birting á grein var talin og þannig gat sama greinin birst í fleiri en einu dagblaði og taldist það þá sem þrjár umfjallanir. Ekki var gerður greinarmunur á stuttum og lengri greinum og þannig höfðu allar greinar sama gildi. Umfjöllun um og eftir félagsráðgjafa í ofangreindum fjölmiðlum var skipt upp í fimm flokka til að einfalda alla gagnasöfnun og greiningu en þeir eru aðsendar greinar, blaðgreinar, fréttir, tilkynningar og annað. Flokkurinn annað hefur að geyma alla aðra umfjöllun er ekki passaði í hina flokkana, hann inniheldur til dæmis fréttaskýringar, persónuleg viðtöl, ályktanir og því um líkt. Höfundur umfjöllunar var skráður ef þær upplýsingar lágu fyrir og eins var skráð niður í athugasemdir ef um viðtal við

félagsráðgjafa var að ræða. Umfjöllunin var enn fremur greind eftir því hvort hún væri jákvæð, hlutlaus eða neikvæð. Einungis var skoðað hvernig viðkomandi umfjöllun kæmi út fyrir félagsráðgjöf sem starfstétt í heild sinni en ekki innihald hverrar greinar fyrir sig. Umfjöllun telst vera jákvæð þegar minnst er á jákvæðan hátt á hlutverk og eða störf félagsráðgjafa. Öll umfjöllun þar sem félagsráðgjafinn er að sinna talsmannshlutverki sínu telst jafnframt vera jákvæð. Einnig er umfjöllun jákvæð þegar verið er að fjalla um námskeið og fyrirlestra sem félagsráðgjafar annaðhvort standa að eða eru þátttakendur í. Til að finna þessar jákvæðu greinar voru allar greinar lesnar vel yfir og leitað að jákvæðu samhengi orða í garð félagsráðgjafar. Ef að þessi jákvæðu orð töldust svo vera fleiri en þau neikvæðu þá taldist viðkomandi umfjöllun vera jákvæð. Á sama hátt taldist umfjöllun vera neikvæð ef að neikvæðu orðin töldust vera fleiri en þau jákvæðu. Dæmi um jákvæða umfjöllun er til dæmis grein sem að birtist í Fréttablaðinu, „Hjálparstarf Kirkjunnar leggur mikið upp úr faglegum vinnubrögðum, gætir jafnræðis og starfar um allt land. Þess vegna skipuleggur félagsráðgjafi starfið“ (Anna M.P. Ólafsdóttir, 2009). Eins taldist Umfjöllun vera neikvæð þegar verið er að fjalla á slæman hátt um félagsráðgjafa, hans störf eða aðkomu að einhverjum málum á einhvern hátt. Dæmi um neikvæða grein er hægt að finna í Morgunblaðinu 13. apríl 2008 en þar birtist eftirfarandi í aðsendri grein foreldra langveiks barns „Í okkar tilviki hittum við félagsráðgjafa þremur dögum eftir að tvíburarnir fæddust. Á viðkvæmum tíma undir miklu álagi og siðferðislegum vangaveltum höfðum við ótal spurningar sem við bárum undir viðkomandi. Enn í dag höfum við ekkert frétt af þeim spurningarlista, hvorki um rétt okkar né möguleika í stöðunni“ (Hilmar Þór Sævarsson & Guðrún Elvira Guðmundsdóttir, 2008). Að sama skapi gat grein talist hlutlaus ef félagsráðgjöf var aukaatriði í viðkomandi grein og jafnvel rétt minnst á hana og umfjöllun því hvorki jákvæð né neikvæð.

4.2 Styrkleikar og Takmarkanir

Styrkleiki rannsóknarinnar er að upplýsingarnar er rannsóknin leiddi í ljós voru vel tæmandi fyrir sviðið. Niðurstöður gefa því góða mynd af umfjöllun um og eftir félagsráðgjafa í dagblöðum. Þetta eru upplýsingar sem að hingað til hafa ekki verið á lausu og kalla því á frekari rannsóknir á þessu sviði. Helstu takmarkanir þessarar

rannsóknar eru að einungis er skoðuð umfjöllun er birtist í prentaðri útgáfu dagblaðana. Gagnlegt væri að skoða umfjöllun um og eftir félagsráðgjafa á víðari grundvelli og taka með internet útgáfur viðkomandi dagblaða sem og aðra viðeigandi netmiðla ásamt sjónvarpi, útvarpi, tímaritum og ritum félagsamtaka. Með þeim hætti væri hægt að fá enn betri yfirsýn yfir alla þá umfjöllun er á sér stað í dag um félagsráðgjöf. Eins gæti verið gagnlegt að bera saman niðurstöður rannsóknarinnar við aðra faghópa til dæmis lækna og sálfræðinga.

Það að gögnin voru forunnin með þemagreiningu skapar þá hættu að einhverjar umfjallanir hafa getað orðið útundan og ekki borist til höfundar. Sú ákvörðun að láta rannsóknina ná frá byrjun 2007 – júlí 2010 var að einhverju leyti byggð á hagkvæmnisástæðum en fyrirliggjandi voru frá þeim tíma. Það að láta rannsóknina ná til þess tímabils gaf tækifæri til þess að skoða hvernig félagsráðgjafar hafa verið að sinna talsmannshlutverki sínu fyrir og eftir kreppu. Gagnlegt gæti verið að endurtaka þessa rannsókn með tímaskeiði er fyllir 4 heil ár. Eins gæti verið vert að endurtaka hana þegar kreppunni lýkur og fá þannig samanburð á umfjöllun fyrir kreppu, í kreppu og eftir kreppu. Þar með væri hægt að sjá hvort að kreppan hefur haft áhrif á umfjöllun um félagsráðgjöf, eða umfjöllun eftir félagsráðgjafa.

5. Niðurstöður

5.1 Grunnupplýsingar

Þegar skoðað var hversu margar umfjallanir höfðu verið um félagsráðgjöf og hversu margar umfjallanir höfðu verið eftir félagsráðgjafa í fjölmiðlum frá janúar 2007 – júlí 2010 sést að þær voru 329 talsins eins og fram kemur í töflu 2.

Tafla 2. Heildarfjöldi umfjallana eftir árum ásamt hlutfalli af heildarfjöldi

ÁR	Fjöldi	Hlutfall
2007	142	43%
2008	64	19%
2009	91	28%
2010	32	10%
Samtals	329	100%

Árið 2007 bar þar höfuð og herðar yfir önnur ár en það ár var með 43% af heildarumfjöllun rannsóknartímans. Sérstök athygli er vakin á því að einungis er um að ræða upplýsingar fram til júlí árið 2010 og því miðast þessi 10% heildarumfjöllunar árið 2010 einungis við hálf tveggja ár eða sex mánuði. Öll hin árin hafa að geyma upplýsingar um alla 12 mánuðina. Það getur gefið skekkta mynd af raunverulegri umfjöllun fyrir allt árið 2010.


Þegar skoðað var hvernig þessi umfjöllun dreifðist á fjölmiðla á þessu tímabili kom í ljós að Morgunblaðið hafði þar forskot á aðra miðla með 55% allrar umfjöllunar á þessu tímabili. Fréttablaðið hafði 23% umfjöllunar. DV kom svo næst með 11% umfjöllunar eða jafn mikið og annað. Flokkinn annað skipuðu önnur dagblöð er gefin voru út á þessu tímabili en það voru Viðskiptablaðið, Blaðið og 24stundir.

Tafla 3. Skipting umfjöllunar eftir fjölmiðlum frá janúar 2007 - júlí 2010

Fjölmiðill	Fjöldi	Hlutfall
DV	36	11%
Fréttablaðið	75	23%
Morgunblaðið	181	55%
Annað	37	11%
Samtals	329	100%

Þegar skoðað var hvernig skipting milli fjölmiðla var hvert ár fyrir sig kom í ljós að Morgunblaðið hélt sínum rúmlega 50% yfir allt tímabilið. Fréttablaðið hins vegar sótti töluvert á 2007 – 2009 en hríðféll síðan árið 2010. DV og önnur blöð juku hins vegar hlutdeild sína töluvert 2010 eftir að hafa borið takmarkaðan hlut frá borði 2008 – 2009.

Mynd 1. Dreifing umfjöllunar yfir tímabilið



Miklar sveiflur á hlutdeild annarra dagblaða frá 2008 til 2009 var helst að leita í þeim skýringum að í október 2008 þá rann dagblaðið 24stundir inn í rekstur Morgunblaðsins og útgáfu þess var hætt (Morgunblaðið, 2008). Eins urðu breytingar á rekstri DV með þeim hætti að blaðið varð að helgarblaði á nýjan leik árið 2008. Árið 2009 var útgáfudögum þess fjölgað í 3 á viku.

5.2 Tegundir umfjöllunar


Fréttir var sú tegund umfjöllunar sem var hvað fyrirferða mest í íslenskum prentmiðlum er tengist félagsráðgjöf en þær voru stærsti hluti umfjöllunar með 43% af heildarumfjöllun þess tíma er rannsakaður var.

Tafla 4. Tegund umfjöllunar janúar 2007 - júlí 2010

Umfjöllun	DV	Morgunblaðið	Fréttablaðið	Aðrir	Fjöldi	Hlutfall
Aðsendar greinar	1	61	15	5	82	25%
Blaða greinar	15	47	18	9	89	27%
Fréttir	19	63	42	17	141	43%
Tilkynningar	1	10	1	0	12	4%
Annað	0	1	2	2	5	1%
				Samtals	329	100%

Blaða greinar voru með 27% umfjallana og fast á hæla þeirra komu svo aðsendar greinar með 25%. Tilkynningar og önnur umfjöllun bar mjög skertan hlut frá borði með samtals 5% af heildarumfjöllun.

Mynd 2. Hlutfall flokkaðra greina eftir fjölmiðlum



Þegar soðað var hvernig mismunandi umfjöllun dreifðist á fjölmiðlana kom í ljós að Morgunblaðið var í forystu á öllum vígstöðum nema þegar kom að umfjöllun um

annað en þar stóð Morgunblaðið í 20%. Hæst fór Morgunblaðið í 84% þegar kom að tilkynningum á meðan Fréttablaðið og DV náðu ekki 10% af þess háttar umfjöllun og voru bæði með 8% af tilkynningum. Aðsendar greinar birtust oftast í Morgunblaðinu eða í 74% tilfella. Fréttablaðið var sá miðill sem kom næst með 18%. Aðrir fjölmiðlar komu þar næst með 7% meðan að DV náði rétt að komast á blað. Þegar blaðagreinar voru skoðaðar kom í ljós að þær birtust oftast í Morgunblaðinu eða í 53% tilfella. Fréttablaðið var með 20% af þeirri umfjöllun meðan DV hafði 17% og önnur dagblöð voru með 10%. Minnsti munur á dagblöðum var í fréttumfjöllun en þar var Morgunblaðið með 45% meðan Fréttablaðið var með 30% þar á eftir komu DV með 13% og aðrir fjölmiðlar voru með 12%.

5.3 Jákvæð, neikvæð eða hlutlaus umfjöllun

Tafla 5. Fjöldi og hlutfall eftir flokkuðum greinum

	Fjöldi	Hlutfall
Jákvæð	164	50%
Hlutlaus	143	43%
Neikvæð	22	7%
Samtals	329	100%

Á töflu fimm sést greinilega að umfjöllun um og eftir félagsráðgjafa í fjölmiðlum var 50% jákvæð. Hlutlaus umfjöllun var þar næst á eftir en 43% allrar umfjöllunar var hlutlaus í garð félagsráðgjafar sem fagstéttar. Einungis 7% heildarumfjöllunar var hins vegar neikvæð. Tafla sex sýnir svo aftur á móti hvernig þetta dreifðist á dagblöðin.

Tafla 6. Birtingar staður umfjöllunar eftir hlutfalli í hverjum flokki greina

Fjölmiðill	Jákvæð	Hlutlaus	Neikvæð
DV	5%	10%	55%
Morgunblaðið	56%	59%	27%
Fréttablaðið	25%	22%	14%
Annað	14%	9%	4%
Samtals	100%	100%	100%

Morgunblaðið var með 56% allra jákvæðra greina á umræddu tímabili. Fréttablaðið kom þar á eftir með 25%, önnur dagblöð höfðu 14% og DV rak lestina með 5% af jákvæðri heildarumfjöllun. Morgunblaðið var hlutlausasta dagblaðið en þar voru 59% af hlutlausri heildarumfjöllun meðan 22% af þeirri umfjöllun var í Fréttablaðinu. DV og önnur dagblöð höfðu 10% og 9% af hlutlausri heildarumfjöllun. Þegar skoðaðar voru neikvæðar fréttir þá komu athyglisverðar niðurstöður í ljós en DV var með 55% af neikvæðri heildarumfjöllun um og eftir félagsráðgjafa. Morgunblaðið hafði 27% af neikvæðri heildarumfjöllun, Fréttablaðið hafði 14% og önnur dagblöð voru með 4%.

5.4 Um hvað skrifa félagsráðgjafar helst ?

Þegar skoðað var hvað félagsráðgjafar eru að skrifa um lá beinast við að skoða þær aðsendu greinar sem birtust á þessu tímabili og voru eftir félagsráðgjafa.

Tafla 7. Viðfangsefni skrifa eftir félagsráðgjafa

Viðfangsefni umfjöllunar	Fjöldi	Hlutfall	Jákvæðar	Hlutlausar	Neikvæðar
Barnavernd	6	10%	6	0	0
Fátækt	3	5%	2	1	0
Heilbrigðismál	7	11%	3	4	0
Húsnæðismál	2	3%	2	0	0
Kreppan	5	8%	1	4	0
Fræðslumál/námskeið	11	18%	11	0	0
Málefni aldraðra	4	7%	3	1	0
Málefni barna og unglunga	2	3%	1	1	0
Meðferðarmál	2	3%	0	2	0
Starf félagsráðgjafa	3	5%	3	0	0
Stjórnsmál	5	8%	0	5	0
Annað	12	19%	5	7	0
Samtals	62	100%	37	25	0
Hlutfall af heild			60%	40%	0%

Flokkurinn annað innhélt greinar sem voru stakar í sínum flokki, þetta voru greinar sem fjölluðu um kynbundið ofbeldi, uppeldismál, stríð, persónuleg grein, innflytjendur, jafnréttismál, málefni fatlaðra, viðurkenningu, ungar mæður, samfélagsmál, skólasmál og stjórnun. Flokkurinn annað innihélt jafnframt 19% af heildarumfjöllun eftir félagsráðgjafa enda var hann töluvert víðfeðmur. Af öðrum

flokkum mátti sjá að Kynning/úrlausnir voru algengasti efnisflokkurinn sem félagsráðgjafar skrifa um. Flokkurinn innihélt greinar sem voru kynningar á nýrri þjónustu og námi eða úrlausnir fyrir notendur ákveðinnar þjónustu en þessi flokkur var með 18% af heildarumfjöllun félagsráðgjafa fyrir umrætt tímabil. Athygli vakti að umræðan í þessum flokki var öll jákvæð í garð félagsráðgjafa. Heilbrigðismál var svo sá flokkur sem kom næst með 11% af heildarumfjöllun eftir félagsráðgjafa. Hlutlausar greinar voru hér fleiri eða fjórar í heildina meðan að jákvæðar greinar voru þrjár. Barnavernd var sá flokkur sem var með 10% af heildarumfjöllun en þar voru allar sex greinarnar jákvæðar. Flokkurinn kreppan sem innihélt greinar sem tengdust kreppunni og svo hins vegar flokkurinn stjórnsmál höfðu sitt hvort 8% af heildarumfjölluninni. Málefni aldraðra hafði að geyma 7% af skrifum eftir félagsráðgjafa. Aðrir flokkar höfðu minni hlutdeild í heildarumfjöllun en það voru flokkarnir fátækt með 5%, starf félagsráðgjafa með 5%, húsnæðismál með 3%, málefni barna og unglunga með 3% og svo loks meðferðarmál einnig með 3%. Stjórnsmál og meðferðarmál skáru sig þó dálítið úr því að það voru einu flokkarnir sem voru ekki með eina jákvæða frétt. Stjórnsmál innihélt fimm greinar og voru þær allar hlutlausar og meðferðarmál innihélt tvær greinar og voru þær báðar hlutlausar. Það voru hinsvegar fjórir flokkar sem innihéldu eingöngu jákvæðar greinar en það voru flokkarnir barnavernd, húsnæðismál, kynning/úrlausnir og starf félagsráðgjafa. Enginn flokkur innihélt svo neikvæða umfjöllun. Umfjöllun eftir félagsráðgjafa getur talist jákvæð en 60% hennar féll í þann flokk en 40% í flokkinn hlutlaus.

En hverjir voru það sem skrifuðu þessar greinar, voru það alltaf sömu félagsráðgjafarnir sem voru að sinna talsmannshlutverkinu eða var þetta að dreifast vel yfir fagstéttina? Til þess að sjá hversu margir voru að skrifa þessar 62 greinar var vert að skoða töflu 8. Þar kom í ljós að það voru 40 höfundar sem að stóðu að baki þessum 62 aðsendu greinum yfir þetta fjöggra ára tímabil.

Tafla 8. Fjöldi greina eftir höfundum

Fjöldi greina	Fjöldi höfunda
Sex greinar	2
Þrjár greinar	2
Tvær greinar	8
Ein grein	28
Samtals	40

5.5 Hvað er verið að skrifa um félagsráðgjafa ?

Þegar að skoðað var hvað verið var að skrifa um félagsráðgjafa þá var tekið til allrar þeirra umfjöllunar sem ekki var eftir félagsráðgjafa. Eins og í töflu sjö þá innihélt flokkurinn annað umfjöllun sem var stök í sínum flokki. Umfjöllun sú er flokkaðist undir annað í töflu níu fjallar um niðurskurð, fóstureyðingar, skuldir einstaklinga, sáttamiðlun, löggæslumál, húsnæðismál, sjónarhól, störf félagsráðgjafa erlendis, umgengnismál, jafnréttismál og þróunaraðstoð þessi flokkur innihélt 4% af heildarumfjöllun um félagsráðgjöf. Þó að flokkurinn annað væri víðfeðmur var hann þó ekki stærsti flokkurinn, sá flokkur er gat státað af því að geta talist stærstur innihélt 25% af heildarumfjöllun um félagsráðgjöf þetta er sá flokkur er innihélt þá umfjöllun er rétt hafði verið minnst á félagsráðgjöf. Það sem vakti athygli við þennan flokk var að stærstur hluti umfjöllunarinnar var hlutlaus eða 55 greinar, níu voru svo jákvæðar meðan að 3 eru neikvæðar. Þó að sú umfjöllun fjallaði ekki beint um félagsráðgjöf þá varð hún að vera með til að heildarmyndin skekkist ekki. Sá flokkur er hafði hvað mesta umfjöllun fengið var flokkurinn fræðslumál og námskeið með 11% af heildarumfjöllun um félagsráðgjöf eða 29 greinar. Af þessum 29 greinum þá voru 22 greinar sem voru jákvæðar og sjö sem voru hlutlausar. Heilbrigðismál voru svo með 9% af heildarumfjöllun með 23 greinar þar af voru 14 jákvæðar, sjö hlutlausar og tvær neikvæðar.

Tafla 9 Umfjöllun um félagsráðgjöf eftir aðra en félagsráðgjafa

Viðfangsefni umfjöllunar	Fjöldi	Hlutfall	Jákvæðar	Hlutlausar	Neikvæðar
Barnavernd	9	3%	5	0	4
Einstæðir foreldrar	3	1%	2	1	0
Fangelsismál	8	3%	5	2	1
Fátækt	5	2%	2	3	0
Fjármál heimilanna/kreppan	7	3%	1	5	1
Fjölskyldan	5	2%	3	0	2
Fræðslumál og Námskeið	29	11%	22	7	0
Fæðingarorlof	5	2%	1	4	0
Heilbrigðismál	23	9%	14	7	2
Heimilslausir	3	1%	1	2	0
Hjálparstarf innanlands	12	4%	6	6	0
Innflytjendamál	3	1%	2	1	0
Kjaramál	9	3%	0	6	3
Langveik börn	2	1%	1	0	1
Mannaráðningar	2	1%	1	0	1
Meðferðarmál	5	2%	5	0	0
Málefni aldraðra	4	1%	2	1	1
Málefni barna og unglunga	10	4%	7	3	0
Málefni fatlaðra	6	2%	3	2	1
Námið	3	1%	3	0	0
Ofbeldi	3	1%	3	0	0
Persónuleg málefni	13	5%	8	5	0
Rannsóknir	2	1%	2	0	0
Rétt minnst á félagsráðgjöf	67	25%	9	55	3
Skólamál	2	1%	2	0	0
Stjórnsmál	6	2%	1	5	0
Styrkir	3	1%	3	0	0
Ungar mæður	2	1%	1	0	1
Útgáfumál	3	1%	3	0	0
Viðurkenning	2	1%	2	0	0
Annað	11	4%	7	3	1
Samtals	267	100%	127	118	22
Hlutfall af heild			48%	44%	8%

Persónuleg málefni voru sá flokkur sem reyndist vera með þriðju mestu umfjöllunina með 5% af heildarumfjöllun um félagsráðgjöf eða 13 greinar. Átta af þessum 13 greinum voru jákvæðar meðan að fimm eru hlutlausar og engin þeirra var neikvæð. Hjálparstarf innanlands var með 4% eða 12 greinar og málefni barna og unglunga einnig með 4%. Aðrir flokkar komu með minni umfjöllun. Heildarumfjöllunin um félagsráðgjafa taldi 267 greinar meðan að heildarumfjöllun

eftir félagsráðgjafa taldi 62 greinar. Jákvæðar greinar voru 48% af heildarumfjölluninni um félagsráðgjöf og hlutlaus umfjöllun taldi 44%. Neikvæð umfjöllun var 8% af heildarumfjölluninni.

Ekki var hægt að skoða skrif um félagsráðgjafa án þess að taka fyrir viðtöl. Það er að segja í hvað mörgum tilfellum var leitað til félagsráðgjafa eftir álit og til hve margra var leitað. Tafla 10 sýnir að það var leitað til 39 félagsráðgjafa eða 7% allra félagsráðgjafa til að gefa viðtal fyrir 75 greinar. Þar sem að heildarfjöldi greina um félagsráðgjöf var 267 samkvæmt töflu níu þá segir það okkur að í 28% tilfella þegar skrifað var um félagsráðgjöf var leitað eftir álit félagsráðgjafa.

Tafla 10 Fjöldi viðmælanda

Fjöldi viðtala	Fjöldi viðmælanda
Þrettán viðtöl	1
Sjö viðtöl	1
Fjögur viðtöl	2
Þrjú viðtöl	3
Tvö viðtöl	6
Eitt viðtal	26
Samtals	39

Samkvæmt töflu 10 kom fram að það eru 2 félagsráðgjafar sem standa fyrir 20 viðtölum af þessum 75.

6. Umræður

6.1 Umfjöllun eftir félagsráðgjafa

Frá árinu 2007 til júlí 2010 skrifa 40 félagsráðgjafar 62 greinar í ofangreinda fjölmiðla. Sá flokkur sem að hlaut hvað mesta umfjöllun er flokkurinn fræðslumál/námskeið en sá flokkur inniheldur greinar þar sem verið er að kynna og vekja athygli á námskeiðum og fyrirlestrum ýmiss konar sem að félagsráðgjafar standa fyrir. Þessi flokkur var með 18% af umfjöllun eftir félagsráðgjafa og það sem að meira er hún var öll jákvæð sem verður að teljast fyrirtak. Sá flokkur er næstmestu umfjöllun fékk voru heilbrigðismál með 11% umfjöllunar eftir félagsráðgjafa. Umfjöllunin um heilbrigðismálin verður að teljast hlutlaus þar sem að 4 greinar voru í þeim flokki meðan að 3 þeirra voru jákvæðar og engin var neikvæð. Reyndar verður að taka það fram að engin umfjöllun eftir félagsráðgjafa gat talist neikvæð. Sú umfjöllun sem var með þriðju mestu umfjöllunina var Barnavernd með 10% hlutdeild og er sú umfjöllun öll jákvæð. Það sem vekur athygli hérna er að umfjöllun um barnavernd er ekki með mestu umfjöllunina eins og oftast hefur reynst vera raunin í erlendum rannsóknum heldur er hún með þriðju mestu umfjöllunina. Þó að flokkarnir barnavernd og málefni barna og unglinga yrðu sameinaðir myndi það ekki duga til þess að koma því á toppinn. Flokkur annað er svo með 19% umfjöllunar en það ber þó að hafa það í huga að hann er frekar víðfeðmur flokkur sem inniheldur fjölbreytta umfjöllun sem var öll stök í sínum flokkum. Stjórnsmál og umræður um kreppuna er svo bæði með um 8% umfjöllunar.

6.2 Umfjöllun um félagsráðgjöf

Í umfjöllun um félagsráðgjöf var einn flokkur sem skar sig verulega úr með 25% af heildarumfjöllun um félagsráðgjafa. En það var flokkurinn „rétt minnst á félagsráðgjöf“. Sá flokkur inniheldur greinar sem fjalla ekki um félagsráðgjöf en hennar er þó getið þar stuttlega. Sá flokkur sem hefur mestu umfjöllunina hér ef litið er fram hjá flokknum „rétt minnst á félagsráðgjöf“ er flokkurinn fræðslumál/námskeið með 11% hlutdeild af umfjöllun um félagsráðgjöf. Hann er auk þess mjög jákvæður flokkur en 22 greinar teljast jákvæðar þar meðan að 7 geta

talist neikvæðar. Heilbrigðismál er svo sá flokkur sem er með aðra mestu umfjöllunina með 9% umfjöllunar en sá flokkur getur einnig talist jákvæður sem er á öndverðum meiði við það sem að gerðist við sama flokk í skrifum eftir félagsráðgjafa. Þriðja mesta umfjöllunin er svo umfjöllun um persónuleg málefni félagsráðgjafa með 5% hlutdeild. Barnavernd er svo einungis með 3% og málefni barna og unglunga er með 4% hlutdeild. Hvorugur þeirra flokka komast í efstu þrjú sætin yfir þá sem hafa mestu umfjöllunina þó að þessir flokkar yrðu sameinaðir. Flokkurinn barnavernd inniheldur þó flestar neikvæðar greinar eða 4 talsins sem er það mesta sem einstakur flokkur hefur. Öll neikvæð umfjöllun er saman komin hérna í umfjöllun um félagsráðgjafa eða allar 22 greinarnar sem gerir um 8% hlutdeild af umfjöllun um félagsráðgjafa. Jákvæðar greinar eru 48% meðan að hlutlausar greinar eru 44%.

6.3 Félagsráðgjafinn og talsmannshlutverkið

Þegar horft er til hvernig félagsráðgjafinn er að sinna talsmannshlutverkinu með tilliti til þeirra fjölmiðla er voru í úrtakinu fyrir rannsókn þessa, kemur í ljós að lítið hlutfall þeirra er að nýta sér þá að einhverju marki. Það voru 7% félagsráðgjafa sem sáu um að skrifa þessar 62 greinar sem að birtust eftir félagsráðgjafa sem vekur upp spurningar um hvort það geti talist jákvætt eða neikvætt. Hvort að það sé svo einhver óeðlileg viðmiðun við það sem er að gerast í öðrum fagstéttum skal ósagt látið og gæti verið eðlilegt hlutfall eða jafnvel hærra. Af þessum 40 einstaklingum voru það fjórir sem að stóðu fyrir 30% allra skrifa. En skrif í dagblöðin segir þó ekki alla söguna því verðum við líka að taka tillit til viðtala sem að birtust við félagsráðgjafa. Heildarfjöldi greina um félagsráðgjöf var 267 greinar, af þeim voru 75 greinar sem að innihéldu viðtal við félagsráðgjafa. Þetta þýðir að í um 28% tilfella þegar skrifað er um félagsráðgjöf er leitað áhlits hjá félagsráðgjafa sem að getur bara talist jákvætt. Það sem að er hins vegar ekki nógu gott er að einungis 39 einstaklingar af 549 standa að baki þessum 75 viðtölum. Fjórir af þessum 39 einstaklingum stóðu svo að baki 36% allra viðtala við félagsráðgjafa. Þessar tölur gefa það í ljós að félagsráðgjafar eru gætu í meira mæli notfært sér dagblöð landsins til að rækja talsmannshlutverkið sitt. Vissulega eru margar mismunandi leiðir til að rækja þetta hlutverk og ýmsum hefur tekist vel upp á

öðrum vettvangi eins og til dæmis með aðstoð netsins, fyrirlestrum, bæklingum, bókaútgáfa og mörgu fleiru.

6.4 Hlutur fjölmiðla

Af þeim fjölmiðlum sem að voru í úrtakinu í þessari rannsókn var það DV sem birti flestar neikvæðar fréttir af félagsráðgjöf. DV hafði 55% af neikvæðri umfjöllunar. DV hafði 11% af heildarumfjöllun yfir umrætt tímabil og einungis ein aðsend grein birtist eftir félagsráðgjafa í því blaði sem að gefur til kynna að DV sé ekki vettvangur sem að félagsráðgjafar kjósa til að koma sínum skoðunum og skilaboðum á framfæri. Það blað sem að bar hinsvegar höfuð og herðar yfir önnur dagblöð yfir umrætt tímabil var Morgunblaðið en 55% af heildar umfjöllun um félagsráðgjöf fór fram í því. Morgunblaðið var einnig það dagblað sem reyndist jákvæðast í umfjöllun sinni um félagsráðgjöf. Félagsráðgjafar virðast einnig nýta sér Morgunblaðið til að koma sínum skrifum á framfæri en 74% af öllum skrifum eftir félagsráðgjafa birtist í því. Það kom nokkuð á óvart varðandi hlutdeild fjölmiðla hve lítill hlutur Fréttablaðsins var í umfjöllun um félagsráðgjöf með 23% af heildar umfjöllun yfir umrætt tímabil. Það er merkilegt í ljósi þess að Fréttablaðið var mest lesna dagblað landsins yfir þetta tímabil samkvæmt fjölmiðlakönnunum Capacent (Capacent Ísland, e.d). Sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort félagsráðgjafar séu að láta hefðina ráða þegar að þeir eru að velja sér vettvang til að birta skrif sín á og horfi ekki til markaðshlutdeildar dagblaða ? Morgunblaðið hefur verið sá miðill sem hefur sögulega séð verið helsti vettfangur skoðanaskipta í dagblöðum. Önnur dagblöð reka svo lestina með færri umfjöllanir.

6.5 Svör við rannsóknarspurningum

Við upphaf þessarar ritgerðar setti ég fram eftirfarandi rannsóknarspurningar. Er umfjöllun um og eftir félagsráðgjafa neikvæð eða jákvæð í íslenskum fjölmiðlum ? Er munur á skrifum um félagsráðgjafa og skrifum eftir félagsráðgjafa ? Hversu vel má ætla að félagsráðgjafar sinna talsmannshlutverki sínu út frá 16. grein siðareglna félagsráðgjafa ?

Niðurstöður sýna að umfjöllun um og eftir félagsráðgjafa í fjölmiðlum er jákvæð á Íslandi. Umfjöllunin er jákvæð í um 50% tilfella sem er einkar ánægjulegt. Umfjöllun um félagsráðgjöf á hlutlausum nótum var í 47% tilfella. Neikvæð umfjöllun var frekar sjaldgæf þó að hún hafi vissulega verið til staðar. En umfjöllunin var neikvæð í um 7% tilfella, DV var svo það blað sem oftast birti neikvæðar fréttir en 55% umfjöllunar var neikvæð. Morgunblaðið var aftur á móti það blað sem birti oftast jákvæðar umfjöllun en 56% umfjöllunar Morgunblaðsins var jákvæð sem verður að teljast gott en ef til vill eðlilegt í ljósi þessi að meginþorri þeirra greina er félagsráðgjafar skrifuðu birtust í því. Þær greinar voru allar jákvæðar og því má segja að það sé að miklu leyti vegna umræðna félagsráðgjafa. Áhugavert er að bera saman niðurstöður úr þessari rannsókn við niðurstöður úr rannsókn Ried og Misener en samkvæmt þeim er umfjöllun í fjölmiðlum gagnvart félagsráðgjöf jákvæð í Bandaríkjunum (Reid & Misener, 2001).

Rannsóknin sýndi fram á að ástandið hér á landi sé þannig að umræðan í öllum dagblöðum hér á landi sé að meirihluta til jákvæð. Bretar á hinn bóginn glíma við vanda vegna neikvæðrar umfjöllunar sem meðal annars má rekja til neikvæðrar umfjöllunar fjölmiðla í garð félagsráðgjafar þar í landi og hvernig þeir hafa tekið á opinberum og erfiðum hneykslismálum í gegnum tíðina (Reid & Misener, 2001).

Út frá rannsóknarspurningu tvö var skoðaður munur á skrifum um félagsráðgjafa og skrifum eftir félagsráðgjafa ? Ef skoðað er það sem félagsráðgjafar eru að tala um þá eru „fræðslumál og námskeið“ í efsta sæti næst koma „heilbrigðismál“ og svo „barnavernd“. Ef hin hliðin er skoðuð eða hvað er verið að skrifa um félagsráðgjafa þá kemur í ljós að umfjöllun um „fræðslumál og námskeið“ situr í efsta sæti, „heilbrigðismál“ koma svo þar á eftir og því næst kemur umfjöllun um „persónuleg málefni“ félagsráðgjafa. Þegar að við berum þetta saman þá eru skrif um og eftir félagsráðgjafa í takti hvað varðar mesta umfjöllunarefnið en það eru „fræðslumál og námskeið“. Í báðum tilfellum eru „Heilbrigðismál“ í öðru sæti. Þegar kemur að þriðja sætinu kemur munur í ljós en „persónuleg málefni“ eru í þriðja sæti í umfjöllun um félagsráðgjöf meðan að „barnavernd“ er í þriðja sæti í umfjöllun eftir félagsráðgjafa. Það má því segja að áherslupunktur í skrifum um og eftir félagsráðgjafa séu sambærilegir. En þegar

skoðað hver tíðni umfjöllunar um „barnavernd“ og „málefni barna og unglunga“ kemur í röðinni í umfjöllun um félagsráðgjöf kemur í ljós að það er í þriðja sætinu. Annað sætið skipa „heilbrigðismál“ og „barnavernd“ kemur í þriðja sæti. Athygli vakti að það er ekki í samræmi við þær erlendu rannsóknir er skoðaðar voru og setur umfjöllun á Ísland í sérstöðu. Öll neikvæð umfjöllun um félagsráðgjöf er í skrifum um félagsráðgjöf, en hún er 8% af þeim skrifum. Jákvæð skrif eru hins vegar 48% því eru skrif um félagsráðgjöf jákvæð. Það sem að telur hvað þyngst hér í því hve skrifin eru jákvæð um félagsráðgjöf er sú staðreynd að í 25% tilfella skrifa um félagsráðgjöf er leitað viðbragða hjá félagsráðgjöfum sem væntanlega þýðir að félagsráðgjafar hafa jákvæð áhrif á skrif um félagsráðgjöf. Svárið við rannsóknarspurningu tvö er því að munurinn á skrifum um og skrifum eftir félagsráðgjafa er ekki teljandi, áherslupunktarnir í umfjöllunarefni eru þeir sömu og í báðum tilfellum er umræðan jákvæð.

Þriðja og síðasta rannsóknarspurningunni var. Hversu vel má ætla að félagsráðgjafar sinna talsmannshlutverki sínu út frá 16. grein siðareglna félagsráðgjafa? Hún hljóðar svo „Félagsráðgjafi miðlar þekkingu sinni sem víðast, til annarra félagsráðgjafa, félagsráðgjafanema, annarra fagmanna og alls almennings.“ (Félagsráðgjafafélag Íslands - b, 2008). Samkvæmt niðurstöðum úr þessari rannsókn eru það 40 félagsráðgjafar af 549 sem að standa að baki þeim 62 greinum er birtust eftir félagsráðgjafa í fjölmiðlum. Það þýðir að 7% af félagsráðgjöfum eru að nota ofangreinda fjölmiðla til að birta skrif sín sem vekur upp spurningar um hvort það sé jákvætt eða neikvætt og hvort einhverra aðgera sé þörf. Sömu sögu er að segja þegar litið er til viðtala en þar voru 39 félagsráðgjafar af 549 sem stóðu að baki 75 viðtölum, en það eru einnig 7% félagsráðgjafa. Vissulega eru til aðrar leiðir til að uppfylla talsmannshlutverkið. Það má vel vera svo að félagsráðgjöfum hugnist betur að nýta sér einhver önnur form til að sinna sínu talsmannshlutverki eins og til dæmis í útvarpi eða sjónvarpi. En líta verður til þess að greiður aðgangur er að dagblöðum. Aðgangur að öðrum ljósavakamiðlum er ekki jafn greiður ef undan er skilið internetið. Dagblöð ættu því að vera kjörinn vettvangur fyrir félagsráðgjafa til að rækja talsmannshlutverk sitt. Miða við að 74% félagsráðgjafa kjósi að birta umfjöllun sína í Morgunblaðinu í stað Fréttablaðsins

sem er mest lesna dagblað landsins, má spyrja sig að því hvort þeir fáu félagsráðgjafar sem sinni talsmannshlutverkinu í dagblöðum séu í raun að miðla þekkingu sinni til alls almennings eða bara til afmarkaðs hóps. Svarið við þriðju spurningunni er því. Fleiri félagsráðgjafar mættu vera virkari í að sinna talsmannshlutverki sínu í dagblöðum eins og það birtist í 16. grein siðareglna félagsráðgjafa, þó að undantekningar á því séu til staðar.

6.6 Lokaorð og ábendingar

Þó að umræða eftir félagsráðgjafa sé öll jákvæð þá hlýtur það að vera áhyggjuefni að skrif eftir félagsráðgjafa í umræddum fjölmiðlum skuli ekki vera fleiri en 62. Það þýðir að það birtast að meðal tali 15 skrif eftir félagsráðgjafa á ári. Með skrifum um félagsráðgjöf telja þessar birtingar 329 í heildina yfir þetta tímabil. Árið 2007 birtast 142 greinar um og eftir félagsráðgjafa en árið eftir eru þær einungis 64. Athygli er vakin á að efnahagshrunið verður árið 2008 en það hefst í raun ekki fyrr en 6. Október. Þar sem efnahagshrunið verður ekki fyrr en á seinni parti ársins er tæplega hægt að kenna því um þetta fall í umfjöllun. Árið 2009 verður svo aukning þegar umfjöllun fer upp í 91. Við lok rannsóknartímans í byrjun júlí 2010 eru umfjallanir komnar upp í 32 og ef gert er ráð fyrir að umfjallanir haldi sama dampi það sem eftir lifir árs verða þær 64 fyrir árið 2010. Það kann að vera kominn tími á að taka viðeigandi skref til að auka hlut félagsráðgjafar í umfjöllun fjölmiðla. Félagsráðgjafar starfa á víðum grundvelli og fá ástand þjóðarinnar og þjóðfélagsmála beint í æð á hverjum degi og upplifa þeir allan skalann frá lægstu lægðum og upp í hæstu hæðir. Því eru félagsráðgjafar vel til þess fallnir að taka þátt í þjóðfélagsumræðunni. Eins er vekur hátt hlutfall hlutlausra greina athygli en lítið þarf til að þessar greinar færist í yfir í neikvæðan flokk.

En hvað er hægt að gera til að bregðast við með ásættanlegum hætti. Ætla má að það þurfi að fræða félagsráðgjafa meira um hvernig hægt er að nýta fjölmiðla til að koma okkar skilaboðum á framfæri. Vissulega hefur Félagsráðgjafafélag Íslands haldið námskeið um greinaskrif í fjölmiðla. Slík námskeið eru góð og gild, en ef til vill væri árangursríkast að koma að hagnýtingu fjölmiðla með einhverjum hætti inn í nám félagsráðgjafanema. Það myndi skapa

grundvöll fyrir félagsráðgjafa að nota fjölmiðla okkur til framdráttar og auka hlutdeild okkar í þjóðfélagsumræðunni. Annað sem að félagsráðgjafastéttinni virðist vanta er einhver aðili sem að getur tekið þátt í umræðum á opinberum vettvangi svo sem í bítið á Bylgjunni eða Kastljósi svo dæmi sé tekið og talað þar máli félagsráðgjafa og varpað ljósi á þeirra stöðu í málum sem upp koma er varðar alla stéttina. Í dag er hins vegar enginn sérstakur sem að sinnir þessu hlutverki.

„Take A Break blaðið í Bretlandi hefur birt sögur af félagsráðgjöfum þegar þeir hafa skipt sköpum í lífi þeirra einstaklinga sem þeir aðstoða. Blaðið hefur enn fremur beðið lesendur sína um að senda inn svipaðar frásagnir. Blaðið hefur ákveðið að varpa ljósi á hversdagleg kraftaverk sem framkvæmd eru af félagsráðgjöfum á hverjum degi. Enn fremur hafa þeir ákveðið að undirstrika það mikilvæga og dásamlega starf sem stéttin gerir fyrir samfélagið“ (McLaughlin, 2009) (lausleg þýðing höfundar)

Þetta gæti einnig verið kjörin leið að fara hérna á Íslandi, að fá einhvern fjölmiðil til að fjalla um starf félagsráðgjafans. Fleir aðgerðir koma ugglaut til greina, en aðalatriðið er að virkja fleiri félagsráðgjafa til að tala um starfstéttina og koma oftast að hversdagslegri umræðu um félagsráðgjafa og mikilvægi þeirra. Við eigum mikið af frábærum félagsráðgjöfum sem geta tekið þennan slag fyrir okkar hönd, allt sem þarf er ef til vill örlítill hvatning.

Heimildaskrá

- Anna M.Þ. Ólafsdóttir. (5. febrúar 2009). Höldum heimilum gangandi. *Fréttablaðið*.
- Agnew, E. N. (2004). *From Charity To Social Work: Mary E. Richmond and the Creation of an American Profession*. Champaign: University of Illinois Press.
- Alþingi. (28 september 1990). *Lög um félagsráðgjöf 1990 nr 95*. sótt 30 apríl, 2011, frá <http://www.althingi.is/lagas/138b/1990095.html>
- Berson, R. K. (2004). *Jane Addams: a biography*. Westport: Greenwood Press.
- Brawley, E. A. (1995). Mass Media. í R. L. Edwards (Ritstj.), *Encyclopedia of social work* (19 útg., B. 2, bls. 1676). Washington, DC: NASAW Press.
- Capacent Ísland. (e.d). *Fjölmíðlakannanir: Dagblöð*. Sótt 15. nóvember 2010 frá Capacent.is: <http://www2.capacent.is/?PageID=67&templateid=50>.
- Davidson, S., og King, S. (2005). *Public Knowledge Of And Attitudes To Social Work in Scotland*. Edinborg: Scottish Executive Social Research.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Researsch*. Boston: McGraw-Hill.
- Farley, O. W., Smith, L. L., og Boyle, S. W. (2006). *Introduction To Social Work* (Tíunda útg.). Boston: Pearson / Allyn & Bacon.
- Félagsráðgjafadeild. (e.d.). *Félagsráðgjafadeild: Sagan*. Sótt 2. ágúst 2010 frá Háskóli Íslands: http://www.hi.is/felagsvisindasvid_deildir/felagsradgjafardeild/um_deildina/sagan.
- Félagsráðgjafafélag Íslands - a. (4. október 2010). *Félagsráðgjafar með starfsleyfi*. Sótt 21. desember 2010 frá felagsradgjof.is: <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=91&Itemid=97>.
- Félagsráðgjafafélag Íslands - b. (4. nóvember 2008). *Landlæknisembættið: Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 16. nóvember 2010 frá landlaeknir.is: <http://www.landlaeknir.is/pages/435>.
- Félagsráðgjafafélag Íslands - c. (25. nóvember 2010). *Upplýsingar um félagsmenn*. Reykjavík: Félagsráðgjafafélag Íslands.
- Félagsráðgjafafélag Íslands, - d. (e.d). *Saga félagsins*. Sótt 30. apríl 2011 frá felagsradgjof.is: <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=5&Itemid=28>.
- Franklin, B. og Parton, N. (2001). Press-ganged! Media Reporting of Social Work and Child Abuse. Í M. May, R. Page, & E. Brunson (Ritstj.), *Understanding Social Problems Issues In Social Policy* (bls. 233-248). Oxford: Blackwell Publishers.

- Gibelman, M. (2004). Television and the Public Image of Social Workers: Portrayal or Betrayal? *Social Work* , 49.
- Goodman, M. B. (1998). *Corporate communications for executives*. Albany: University of New York Press.
- Heilbrigðisráðuneytið. (e.d.). *Starfsréttindi félagsráðgjafa*. Sótt 18. mars 2011 frá Heilbrigðisráðuneytinu: <http://www2.heilbrigdisraduneyti.is/starfsleyfi//nr/2528>
- Hilmar Þór Sævarsson og Guðrún Elvira Guðmundsdóttir. (13. apríl 2008). Litlar Hetjur. *Morgunblaðið* .
- Hugman, R. (2005). *New approaches in ethics for the caring professions*. New York: Palgrave Macmillan.
- Johnson, B. (2008). *Educational research : quantitative, qualitative, and mixed approaches*. Los Angeles: Sage.
- Jón Gunnar Bernburg. (21. nóvember 2005). *Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?* Sótt 7. apríl 2011 frá Vísindavefurinn: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5420>.
- LeCroy, C. W. og Stinson, E. L. (2004). The Public's Perception of Social Work: Is It What We Think It Is? *Social Work* , 49 (2), 164-174.
- Lubove, R. (1965). *The professional altruist: the emergence of social work as a career, 1880-1930*. Cambridge: Harvard University Press.
- McLaughlin, K. (8. júlí 2009). *Suspicion of social workers is healthy*. Sótt 30. desember 2010 frá Spiked-online: <http://www.spiked-online.com/index.php/site/article/7132/>.
- Morgunblaðið. (10. október 2008). *Fréttir: Innlent*. Sótt 15. nóvember 2010 frá mbl.is: http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/10/10/frettabladid_og_arvakur_saman/.
- Nanna K. Sigurðardóttir. (1991). Félagsráðgjafastarfið. Afmælisrit. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa. (bls. 8 - 18).
- Neate, P. (2000). Time to Make the Media Hear the Message. *Community Care* .
- Páll Sigurðsson. (1997). *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reid, W. J., og Misener, E. (2001). Social Work In The Press: A Cross National Study. *International Journal of Social Welfare* , 10 (3), 194-201.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). *Hvers vegna sjálfboðastörf? um sjálfboðastarf, félagsmálastefnur og félagsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1999). Um sérfræðileysi í félagsráðgjöf. Sérfræði, siðfræði og fagþróun. *Félagsráðgjafablaðið* , 1 (8), 7 - 11.

- Sigrún Júlíusdóttir. (1991). Félagráðgjöf: Rannsóknir og fagþróun. Í Sigrún Júlíusdóttir, & Halldór S. Guðmundsson (Ritstj.), *Fagþróun í félagráðgjöf* (bls. 129- 139). Reykjavík: Félagráðgjafadeild Háskóla Íslands.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (2006). *Ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur*. Reykjavík: JPV.
- Sigurður Kristinsson. (1991). *Siðareglur: greining á siðareglum ásamt skráðum siðareglum starfsgreina á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Silverman, D. (2005). *Doing Qualitative Research: A Practical Handbook* (2 útg.). London: Sage.
- Woodroffe, K. (1974). *From Charity To Social Work In England And The United States*. London: Routledge & Kegan Paul.
- Þórarinn Guðnason. (1991). Hippókrates og læknisfræðin. Í Sigurður A. Magnússon. (Ritstj.), *Grikkland ár og síð : bók helguð tveggja alda afmæli Sveinbjarnar Egilssonar* (bls. 159-161). Reykjavík: Bókmenntafélagið.

Viðauki

Blað um Greiningu umfjöllunar um og eftir félagsráðgjafa í prentmiðlum

1. Fjölmiðill

DV

Fréttablaðið

Morgunblaðið

Annað -----

2. Dagsetning (d:m:á)

-----:-----:-----

3. Blaðsíðutal (ef vitað)

4. Nafn höfundar

5. Starf eða staða höfundar

6. Staður innan blaðs

Aðsendar greinar

Frétt

Leiðari

Annað -----

7. Tegund umfjöllunar – gagnvart félagsráðgjöf

Jákvæð

Neikvæð

Hlutlaus

8. Orðafjöldi -----

9. Viðfangsefni umfjöllunar
